

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 152/2001

frá 11. desember 2001

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2001 frá 9. nóvember 2001⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/36/EB frá 23. júní 2000 um kakó- og súkkulaðivörur til mannelis⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/36/EB fellir úr gildi, frá 3. ágúst 2003, tilskipun ráðsins 73/241/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kakó- og súkkulaðivörur til mannelis⁽³⁾ sem er hluti af samningnum og ber því að fella hana brott úr honum.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 54zg (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 50/2000) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„54zh. **32000 L 0036:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/36/EB frá 23. júní 2000 um kakó- og súkkulaðivörur til mannelis (Stjtið. EB L 197, 3.8.2000, bls. 19).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 22, 24.1.2002, bls. 26 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 6, 24.1.2002, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 197, 3.8.2000, bls. 19.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 228, 16.8.1973, bls. 23.

2. gr.

Texti 6. liðar í XII. kafla II. viðauka við samninginn skal felldur niður með gildistöku frá 3. ágúst 2003.

3. gr.

Texti tilskipunar 2000/36/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. desember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 11. desember 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

B. Grydeland

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

